

**36. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar
Fjarðarvegi 3 Þórshöfn mánudaginn 27. maí 2013 kl.17:00**

Mætt eru: Steinunn Leósdóttir formaður, Jósteynn Hermundsson , Björgvín Þóroddsson, Jón Arnar Beck og Gunnólfur Lárússon sem ritaði fundargerð.

Dagskrá.

1. Lóðablað .

Fyrir fundinn er lagt lóðablað með hnitskrá að urðunarsvæðinu á Þórshöfn og er það liður í lokaáætlun fyrir urðunarstaðinn á Þórshöfn.

Hnitin eru:

- N 66° 11.527 W 15° 17.550
- N 66° 11.522 W 15° 17.798
- N 66° 11.642 W 15° 17.812
- N 66° 11.646 W 15° 17.564

Lóðablaðið samþykkt samhljóða .

2. Fjarðarvegur 13.

Sveitarstjóri lagði fram bréf frá eigendum Fjarðarvegar 13 þar sem þau rökstyðja staðsetningu umsóknar um umsókn á byggingarleyfi sem tekin var fyrir á fundi nefndarinnar 21. maí 2013.

Mikil umræða fór fram um umsóknina, hún borin upp og samþykkt með þremur atkvæðum einn sat hjá.

3. Erindisbréf.

Formaður lagði fram nýtt erindisbréf fyrir Umhverfis-og skipulagsnefnd.

4. Afrit af bréfi Umhverfis-og auðlindaráðuneytið dags. 13.05.2013

Nokkur umræða fór um bréfið það er lagt fram til kynningar .

5. Önnur mál.

- Nefndin telur brýnt að fari verði sem fyrst í vinnu við deiliskipulag fyrir Langanesbyggð.
- Stefnt að því að hafa hreinsunardag föstudaginn 31. maí nk. kl.17:00 sveitarstjóra falið að senda út dreifibréf.

Fundargerðin upplesin og samþykkt samhljóða

Fundi slitið kl. 18:15